

Málstofa B – Framtíðarsýn félagsþjónustu.

Stjórnandi: Lára Björnsdóttir.

Ritari: Hólmfríður Sveinsdóttir.

Sem leiðarljós í umræðuna hafði hópurinn eftirfarandi spurningar:

- *Hvaða framtíðarsýn hafa sveitarfélög, starfsmenn og notendur um félagsþjónustu við íbúa? Hvernig verður hún raungerð?*
- *Hvaða tækifæri og ógnanir felast í tilflutningi verkefna?*
- *Hvernig er hægt að standa að samþættingu og endurmótun félagsþjónustunnar?*
- *Hvernig er hægt að bæta þjónustu við notendur?*
- *Hvernig verður eftirliti háttað?*
- *Hversu ríkt sjálfræði eiga sveitarfélögin að hafa um framkvæmd?*
- *Hvert verður hlutverk ráðuneytisins eftir tilfærsluna?*

Ef marka má umræðurnar í hópnum er almenn ánægja með þá ákvörðun að flytja málaflokk fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Þá kom fram þakklæti fyrir tækifærið að taka þátt í málþinginu þar sem málin eru rædd á þessu stigi máls. Einn þátttakandi kvaðst hafa beðið eftir því í hálfu öld.

Eitt stjórnsýslustig

Einn helsti kostur við tilfærsluna felst í því að þjónustan verður veitt á einu stjórnsýslustigi og notendum hennar á ekki að vera vísað á milli kerfa, eins og oft er raunin í dag. Þjónustan færir nær fólkinu og nálægðin við stjórnendur sveitarfélaga er meiri en þegar ríkið á í hlut. Það sem skiptir verulegu máli fyrir notandann er að það mun ekki lengur að leika vafi á því hver ber ábyrgð á að veita þjónustuna. Markmiðið með tilfærslunni hlýtur að vera að bæta þjónustuna, en ekki bara taka við henni í óbreyttri mynd. Sveitarfélögin þurfa að ákveða hvernig þau ætla að koma til móts við þjónustubörf íbúanna. Hvernig á að veita fólki þá þjónustu sem það þarf, hvort heldur sem um fatlaðan einstakling er að ræða eða ekki.

Afnám „aðskilnaðarstefnu“

Á Íslandi á að vera eitt samfélag fyrir alla. Margir komu inn á mikilvægi þess að ráðist verði gegn allri aðgreiningu og aðskilnaði. Það þarf að komast upp úr þeim hjólförum og taka upp notendastýrða og einstaklingsmiðaða þjónustu. Fatlað fólk á að hafa aðgengi að samfélaginu eins og allir aðrir.

Varað var við því að vera með sérstakar deildir fyrir fatlaða innan félagsþjónustunnar þegar sveitarfélögin taka yfir málaflokkinn, heldur eina samþætta og heildstæða þjónusta fyrir alla. Það á að vera eitt þjónustumat sem greinir þjónustubörfina og úrræðin valin út frá því.

Nokkrir komu inn á að Íslendingar væru langt á eftir í allri umræðu um fatlaða. Hætta eigi að tala um öryrkja og „þá sem minna mega sín“. Í stað þess ætti að tala um borgaraleg réttindi.

Þá var komið inn á að það skortir oft í umræðuna hverjar séu ráðstöfunartekjur einstaklinganna. Ráðstöfunartekjurnar ráða því hversu sjálfstæður maður er.

Mannréttindi fatlaðra

Almenn mannréttindi fatlaðra voru þátttakendum mjög hugleikin og eru margir þeirrar skoðunar að fatlaðir njóti ekki sömu réttinda og aðrir þegnar samfélagsins. Hvatt var til þess að sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra verði lögfestur á Íslandi sem fyrst og alls ekki síðar en tilfærslan tekur gildi.

Tækifæri

Flestir sem tóku til máls telja að verkefnatilfærslan feli í sér mikil tækifæri. Jafnframt að tækifærin séu mun fleiri en ógnanirnar. Með tilfærslunni gefst til dæmis gott tækifæri fyrir sveitarfélögin til að endurskipuleggja félagsþjónustuna og taka upp notendastýrða og einstaklingsmiðaða þjónustu. Mikilvægt er að sveitarfélögin sjái þetta sem tækifæri til að móta heildstæða og samþætta félagsþjónustu.

Ógnanir

Þrátt fyrir að það væri hugmyndafræðilega rétt að þjónustan væri rekin af nærsamfélaginu óttuðust margir hvernig til muni takast. Sterklega var varað við því að yfirfærslan fæli í sér mismunun á þjónustu eftir búsetu. Í dag er félagsleg þjónusta sveitarfélaga við fatlaða mismunandi. Þjónusta getur jafnvel verið mismunandi innan sama þjónustusvæðis. Sum sveitarfélög gera mjög vel á meðan önnur gera það ekki. Gæta þarf að jafnræði notenda en hins vegar hefur ólík íbúasamsetning í hverfum eða svæðum áhrif á hvernig þjónustu kann að vera háttað.

Hvernig verður þjónusta á landsbyggðinni háttað? Hvað mun breytast þar? Verður áfram miðlæg þjónusta fyrir hvert þjónustusvæði og fjarlægðin áfram mikil?

Aðrar mögulegar ógnanir: Sveitarfélög hafa oft önnur launaviðmið en ríkið og menntunarstig fólks sem sinnir þjónustu við fatlaða er ímennt lágt. Breytingarnar mega ekki leiða til þess að sjálfseignafélög /-stofnanir þurfi að byrja á núllpunkti, starfsfólk þarf að fá að halda áfram sínu starfi, þótt yfirboðarinn sé annar. Ákveðin hætta getur falist í því hve fatlaðir eru fáir á landsbyggðinni. Mikill munur er því á þessu verkefni og flutningi grunnskólans á sínum tíma. Málefni fatlaðra snerta ekki eins marga í þjóðfélaginu með beinum hætti. Þetta getur boðið þeirri hættu heim að málaflokkurinn verði ekki í forgangi.

Notendastýrð og einstaklingsmiðuð þjónusta

Stærsta hindrunin við fötlun er það að vera upp á aðra komin. Að vera ekki sjálfbjarga með daglega hluti. Samfélagið þarf að viðurkenna að fötlun er ekki einkamál þess fatlaða og þær hindranir sem verða á vegi þess fatlaða eru á ábyrgð samfélagsins.

Bent var á að hugtökin „aðstoð“ og „þjónusta“ sé tvennt ólíkt. Hugtakið þjónusta er afmarkaðra á meðan aðstoð er mun víðara. Fólk þarf ýmiss konar aðstoð í daglegu lífi þar sem um er að ræða hrein og klár mannréttindi. Að fá tækifæri til að gera það sama og aðrir geta gert. Þá er mikilvægt að aðstoðin sé veitt þegar viðkomandi hentar en ekki þegar einhverjum aðila út í bæ hentar.

Réttindi og skyldur

Mikilvægt er að sveitarfélögin endurskipuleggi félagsþjónustu sína áður eða um leið og þau taka við málaflokknum. Fatlaðir vilja ekki aðeins hafa réttindi, þeir vilja líka bera sínar skyldur. Þeir vilja vera virkir í samfélaginu.

Fólk með fötlun er síður en svo þiggjendur í samfélaginu. Það hefur heilmikið að gefa, en til þess að fólk með fötlun geti gefið þarf það oftast en ekki á aðstoð að halda frá samfélaginu. Við eigum það til að einblína um of á veikleika fólks í stað styrkleika þess.

Samstarf

Tilfærslan felur í sér einstakt tækifæri til að koma á samstarfi ólíkra aðila sem koma að málaflokknum og bæta þar með þjónustuna. Mikilvægt er að byggja upp traust og stuðla að sem víðtækustu samstarfi. Verkefnastjórnin ætti að kappkosta að finna farveg þar sem unnið er þverfaglega. Fram kom að heilsugæslan þyrfti að koma að verkefninu og þónokkrir nefndu að hana bæri að flytja yfir til sveitarfélaganna. Hvernig til tekst við að samþætta störf þeirra sem koma að málaflokknum og stuðla að samstarfi getur skipt sköpum um það hvernig tilfærslan tekst til.

Sjálfræði sveitarfélaga

Talsvert var rætt um sjálfræði sveitarfélaga og að þau þurfi að hafa sveigjanleika til þess að geta framkvæmt þjónustuna eftir því sem hentar á hverjum stað. Setja eigi rammalög sem setji skýr markmið um þjónustuna, en ekki njörva hana niður um of hvernig veita eigi þjónustuna. Lögin ættu að skilgreina lágmarksþjónustu og í því sambandi var bent á að sjálfræði sveitarfélaga er tvíhliða mynt og að réttindi einstaklingsins séu æðri sjálfræði sveitarfélaga. Mikilvægt er að þjónustan verði vel skilgreind og að íbúarnir þekki rétt sinn.

Lagabreytingar

Þónokkrir komu inn á þá ákvörðun að breyta ekki lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og þar með leggja ekki af lög um málefni fatlaðra fyrr en eftir að málaflokkurinn hefur verið færður yfir til sveitarfélaganna og reynsla komin á það fyrirkomulag. Skiptar skoðanir voru um það. Fyrir suma voru það vonbrigði að ekki hafi verið farið í að samþætta lög/reglugerðir áður en yfirfærslan á sér stað á meðan aðrir töldu kost að bíða með það. Fram kom að koma þurfi lögum um réttindagæslu fatlaðra í framkvæmd sem fyrst.

Hlutverk ríkisins

Rætt var um hvert yrði hlutverk ríkisins eftir að málaflokkurinn verður kominn til sveitarfélaga. Mikilvægt er að setja fram grundvallarskilgreiningar um það hvaða rétt einstaklingar eiga til aðstoðar og að gott miðlægt eftirlit sé til staðar. Þátttakendur sammála um að ríkið eigi að fara með eftirlits- og ráðgjafarhlutverk. Sjálfræði sveitarfélaganna er mikilvægt en eftirlit með því hvernig þjónustan er veitt er ekki síður mikilvægt. Sveitarfélög mega ekki komast upp með að veita slæma þjónustu í nafni sjálfræðis. Fram kom að ráðgjöf og eftirlit hafi skort hingað til. Þarf að breyta því og vera með virka ráðgjöf og virkt eftirlit.

Skoða ætti hvort setja eigi á laggirnar sérstaka stjórnsýslustofnun sem væri með einhvers konar velferðarvakt, sinni ráðgjöf og hefði eftirlit með þjónustu sveitarfélaganna. Þá kom fram að úrskurðum úrskurðanefnda ætti að miðla til allra þjónustuaðila þannig að læra megi af mistökum annarra. Í dag eru ekki miklar upplýsingar fyrirliggjandi, eða eru í það minnsta ekki aðgengilegar. Koma þyrfti upp gagnabanka um starfsmenn félagsþjónustu, upplýsingar um félagsmálanefndir, ýmiss konar tölfræðiupplýsingar o.fl. Lagt var til að þegar verði farið að undirbúa námskeið fyrir þá sem munu bera ábyrgð á þjónustu við fatlaða, bæði sveitarstjórnarmenn sem og starfsmenn félagsþjónustu.

Reynsla annarra

Fram kom hjá fulltrúum sveitarfélaga sem þegar veita fötluðum þjónustu á grunni þjónustusamninga við ríkið að það að taka við málaflokknum hefði haft jákvæð áhrif á félagsþjónustu þeirra sveitarfélaga. Þetta á ekki hvað síst við um minni sveitarfélög. Líta þarf til reynslu þeirra sveitarfélaga sem þegar hafa málefni fatlaðra á sinni könnu. Einnig má læra af reynslu í öðrum löndum. Hjá fundarmönnum komu fram skiptar skoðanir á því hvernig til hefði tekist með rekstur málaflokksins hjá sveitarfélögum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Að lokum

Þátttakendur voru sammála um mikilvægi þess að tilfærslan verði á tilsettum tíma. Tækifærið er núna og það þarf að nýta. Aðstæður verða aldrei fullkomnar og það verður aldrei hægt að undirbúa flutninginn 100%. Það eiga örugglega eftir að koma fram einhverjar hindranir en þær mega ekki stöðva eða tefja tilfærsluna. Takast verður á við mögulegar hindranir sem verkefni sem þarf að leysa. Kostnaður við málaflokkinn mun áfram skipta miklu máli. En það er alveg sama hvernig árar efnahagslega í samfélaginu, það má ekki bitna á sjálfsagðri þjónustu við fatlaða. Ljóst er að áfram mun þurfa að forgangsraða í velferðarþjónustunni, en það er ekkert nýtt. Það eru gríðarlegar væntingar og þær eiga að vera til staðar. Tilfærslan er ögrandi verkefni og mikilvægt að sveitarfélögin undirbúi sig vel. Nýta þarf tækifærið og móta heildstæða, samþætta félagsþjónustu.

Alls tóku 63 einstaklingar tók þátt í málstofunni.